

Starfsemi í Stóru-Vogaskóla vor 2021 – COVID

Grunnskólar og frístundastarf barna

1.-10. bekkur

- Hámarksfjöldi starfsfólks í rými: **20**
- Lágmarksfjarlægð milli starfsfólks: **2 metrar**
- Grímunotkun starfsfólks: **Þar sem 2 metra bil milli starfsfólks er ekki mögulegt**
- Tilfærsla starfsfólks milli hópa: **Heimil sé gætt að ýtrustu sóttvörnum**
- Hámarksfjöldi barna í rými: **50**
- Lágmarksfjarlægð milli barna: **Engin**
- Grímunotkun barna: **Engin**
- Sameiginleg rými (inngangur, anddyri, snyrting og gangar): **Heimilt að víkja frá fjöldatakmörkunum ef starfsfólk notar andlitsgrímur**
- Íþróttakennsla og skólasund: **Heimil**
- Blöndun milli hópa: **Heimil**

Frístundastarf

Sömu takmarkanir og gilda í grunnskólum.

Vegna Covid-takmarkanna eiga nemendur og starfsfólk að fylgja almennum sóttvarnareglum og er lögð áhersla á eftirfarandi þætti þar til annað kemur fram:

- Fullorðnir halda **2 metra reglunni** eins og hægt er. Hvatt er til að halda áfram að nota rafrænan hitting, (Teams). Reglurnar eiga ekki við grunnskólabörn. **HVER VERÐUR AÐ PASSA SIG.**
- Það verða ekki eiginleg sóttvarnarhólf en þó þurfum við að huga að aðskilnaði og skiptingu ef starfsfólk greinist smitað af Covid eða lendir í sóttkví.
- Leitumst við að halda sem flesta fundi á Teams.
- Hver og einn ber ábyrgð á umgengni á sinni starfsstöð og öll gætum við að umgengni í sameiginlegum rýmum.

21. janúar 2021

Leggjum áherslu á:

- a) hreinlæti og þrif, og sérstaka áherslu á að sótthreinsa sameiginlegan búnað og snertifleti minnst einu sinni á dag,
- b) spritt og klútar verða aðgengilegir víða um skólann svo starfsmönnum sé kleift að spritta vinnuaðstöðu fyrir og eftir notkun kjósi þeir það,
- c) dagleg verkefni í skóla en minni áhersla á ferðir, sýningar og hátíðir,
- d) að sem mest af vorverkefnum verði sinnt.

Leggjum áherslu á góða og mikla upplýsingagjöf.

- Föstudagspóstar kennara þar sem stjórnendur eiga að vera í cc.
- Áhersla lögð á skráningu heimanáms á Mentor.

Ítarlegri útlistun:

1. Persónubundnar smitvarnir

- Hafa skal spritt við sameiginlega snertifleti eins og ljósritunarvél, kaffivél, kæliskáp, salerni o.s.fr.
- Við hvetjum starfsfólk til að leitast við að lágmarka samskipti utan vinnutíma og noti aðrar samskiptaleiðir eins og netmiðla.

2. Sóttvarnarhólf og þrif skóla

- Það verða EKKI eiginleg sóttvarnarhólf eins og sakir standa.
- Hreinlæti og þrif eru með hefðbundnum hætti en áhersla er lögð á að sótthreinsa sameiginlegan búnað og snertifleti minnst einu sinni á dag.
- Huga að hreinlæti nemenda gagnvart sprittun og handþvotti í stofum og matsal.

3. Foreldrafundir

- Stakir foreldrafundir vegna einstakra barna verði eins og þörf er á. Að öðru leyti er ætlast til fjarfunda.

4. Gestir í skóla (foreldrar sem aðrir)

- Almennt komi foreldrar eða aðrir fullorðnir gestir ekki inn í skólahúsnæðið á meðan ástand varir, nema brýna nauðsyn beri til. Skal þá fylgja viðmiðum um smitgát. Sóttvarnagrímur eru í afgreiðslu. Mikilvægt að kynna sér rétta notkun og meðhöndlun sóttvarnagríma sem finna má á vef Landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is.
- Ef foreldrar eða gestir þurfa að koma í skólann skulu þeir **nota inngang við skrifstofu**, alls ekki nemendainnganga.

5. Skólaheimsóknir leikskólabarna í grunnskóla

- Heimsóknir leikskólabarna í skólann eru heimilar í samráði við skólastjórnendur.

6. Vettvangsferðir grunnskólabarna

- Nemendaferðir á vegum grunnskólans eru ekki heimilar nema í samráði við skólastjórnendur.

21. janúar 2021

7. Íþróttahús og íþróttakennsla

- Íþróttakennsla hefðbundin. Gæta þarf að sóttvörnum.

8. Sundlaug og sundkennsla

- Sundkennsla hefðbundin. Gæta þarf að sóttvörnum.

9. Bókasafn

- Hefðbundin starfsemi. Gæta þarf að sóttvörnum.

10. Stoðþjónusta

- Hefðbundin starfsemi. Utanaðkomandi (s.s. starfsfólk á vegum fræðsluþjónustu, hjúkrunarfræðingur o.fl.) gæti mjög vel að sóttvörnum og fjarlægðartakmörkunum.
- Munum að halda **fundi á Teams**.

11. Matsalur

- Nemendum verður skammtaður matur.
- Starfsmenn eldhúss er skylt að nota grímu og hanska við skömmtun matar.
- Sjálfsafgreiðsla verður ekki viðhöfð.

12. Frímínútur

- Óbreytt fyrirkomulag frímínútna.

13. Félagsmiðstöð

- Starfsemi verður með venjulegum hætti. Gæta þarf að sóttvörnum.

14. Frístundastarf

- Frístundastarf er hefðbundið. Gæta þarf að sóttvörnum.
- Foreldrar komi **EKKI** inn í Frístund að sækja börn, heldur hringi í síma Frístundar **8556225** og verða börn þá send út til foreldra.

15. Kaffistofa starfsmanna

- Er opin fyrir allt starfsfólk. Þó ekki fleiri en 20 í einu.
- Starfsfólk passi upp á bil sín á milli, 2 metra.
- ALLIR GANGI FRÁ EFTIR SIG, bollar og diskar í UPPÞVOTTAVÉL.
- **Kaffi verður hægt að nálgast á yngsta, mið og elsta gangi.**

16. Nemendamætingar

- Engin sjálfskipuð sóttkví í boði fyrir nemendur. Hvert tilvik er skoðað sérstaklega.
- Foreldrar hafa ekki heimild til að vera með nemendur heima (heimaskóli) og engin sérstök þjónusta verður veitt.

17. Veikindi starfsfólks

- Starfsfólk mæti ekki til vinnu finni þeir fyrir einkennum sem bent gætu til Covid smits (sjá nánar um einkenni á www.covid.is) og hafi **tafarlaust** samband við sína heilsugæslustöð.

21. janúar 2021



18. Loftræsting

- Mikilvægt er að tryggja góða loftræstingu og hafa glugga opna í kennslustofum og á öðrum íverustöðum í skóla- og frístundastarfi.

Upplýsingagjöf vegna Covid-19 – starfsmanna eða nemenda.

Ef starfsmaður eða nemandi er í sóttkví senda stjórnendur ekki upplýsingapóst. Það geta verið margar ástæður fyrir því að einstaklingur sé í sóttkví, t.d. vegna þess:

- að einhver annar er í einangrun á heimili,
- að um sjálfskipaða sóttkví sé að ræða,
- eða varúðarástafanir sem eru ekki eftir tilmælum heilsugæslunnar.

Við skráum í mentor að nemandi/starfsmaður sé frá vegna Covid-19.

Ef nemandi eða starfsmaður greinist er unnið samkvæmt leiðbeiningum Almannavarna. Er þá sendur póstur á starfsmenn eða foreldra sem fyrst og sagt frá hvort sé virkjuð, sóttkví eða úrvinnslusóttkví (úrvinnslusóttkví er notað yfir ráðstöfun um sóttkví á meðan unnið er að smitrakningu). Því næst er starfsfólk/foreldrar upplýst hvernig málið þróast í samvinnu við yfirvöld.

Búið er að mynda stuðningsteymi við stjórnendur ef smit koma upp í skólanum og í því eru aðilar frá Fræðsluþjónustu Suðurnesjabæjar og bæjarstjóri Sv. Voga.

Höldum áfram af yfirvegum